

FUNDUR BARNNA ÚR GRINDAVÍK

MED UMBOÐSMANNI BARNNA

Í þessari skýrslu eru birtar niðurstöður frá fundi grindvískra barna með umboðsmanni barna. Samtalið átti sér stað í Laugardalshöll þann 7. mars 2024.

7

MARS

20
24



FRÁ UMBOÐSMANNI BARNNA

Umboðsmaður barna hélt fund með börnum frá Grindavík þann 7. mars sl. Yfir 300 börn mættu til fundarins og sögðu frá reynslu sinni af þeim hamförum sem gengu yfir Grindavík 10. nóvember á síðast ári þegar íbúum bæjarins var gert að yfirgefa bæinn í skyndi. Fæst barnanna hafa komið til Grindavíkur síðan og lýstu mikilli eftirsjá eftir því samfélagi sem þar ríkti og löngun til að fara til Grindavíkur sem fyrst. Þá kom fram á fundinum upplifun barnanna af lífi sínu í nýjum aðstæðum og nýjum stað. Einnig komu fram ýmsar óskir barnanna um hvernig haga bæri skóla og félagslífi á næstu misserum. Á fundinum gafst börnum í fyrsta sinn tækfæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, lýsa upplifun sinni af því hvað hafi gengið vel og hvað hafi ekki gengið eins vel.

Þegar ákvarðanir um líf barna eru teknar er mikilvægt að sjónarmið þeirra komi fram og tekið sé réttmætt tillit til þeirra. Skömmu eftir fund umboðsmanns barna í mars, sendi embættið bréf til ríkisstjórnar Íslands og bæjarstjóra Grindavíkur með helstu niðurstöðum fundarins. Í þessari skýrslu eru teknar saman ítarlegri niðurstöður og tilvitnanir í börnin sjálf og tillögur þeirra.

Umboðsmaður barna þakkar starfsmönnum Grindavíkurbæjar fyrir ómælda aðstoð við að skipuleggja fundinn, starfsmönnum fundarins og embættis umboðsmanns barna fyrir stjórn fundarins en fyrst og síðast börnunum sjálfum frá Grindavík sem hafa sýnt mikla þrautseigju á erfiðum tímum, mættu kappsfull til leiks og komu sjónarmiðum sínum skýrt og vel á framfæri. Það er von embættisins að þessi skýrsla auki skilning stjórnvalda og samfélagsins alls á þeim áskorunum sem börn frá Grindavík hafa tekist á við og að stjórnvöld muni taka tillit til sjónarmiða þeirra í ákvarðanatöku á næstu mánuðum.

Salvör Nordal,
Umboðsmaður barna

INNGANGUR

Markmið fundarins var að veita börnum frá Grindavík tækifæri til að koma upplifun sinni og sjónarmiðum á framfæri, í samræmi við 12. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, vegna þeirra náttúruhamfara sem gengið hafa yfir á Reykjanesi undanfarin misseri og ekki sér fyrir endann á. Viðburðurinn var skipulagður í samvinnu við Grindavíkurbæ og var öllum börnum á grunn- og framhaldsskólaaldri boðið til þátttöku. Fundurinn var mjög vel sóttur og mættu yfir 300 börn, sem unnu að tillögum og skilaboðum til stjórnvalda.

Á fundinum kom berlega í ljós að áhrif þessara atburða á líf grindvískra barna hafa verið margvísleg og að ástandið hefur haft í för með sér mikla óvissu fyrir börn og fjölskyldur þeirra. Börnin telja mikilvægt að stórfjölskyldum verði gert kleift að vera saman og ljóst er að mörg börn upplifa sáran söknuð, í ýmsu tilliti. Í tillögum barnanna komu fram fjölmörg áhersluatriði, einkum varðandi skóla- og íþróttastarf, tómstundir, húsnæðismál og stuðning fyrir fjölskyldur. Þá birtist með margvíslegum hætti sú ósk barnanna að þeim verði veitt fleiri tækifæri til samveru og að styrkja tengsl sín á milli. Fram kom að börnin sakna Grindvíkur og lífsins þar, en einnig vina og ættingja. Þá lýstu börnin miklum áhuga á að heimsækja bæinn sinn. Áhersla var lögð á að tryggja þurfi öllum sálrænan stuðning til þess að vinna úr þeim áföllum sem hamfarirnar hafa haft í för með sér. Einnig var skýrt ákall um betri upplýsingagjöf til barna og kom m.a. fram tillaga um sérstaka íbúafundi fyrir börn og ungmenni.

FRAMKVÆMD

Fundurinn var haldinn með þjóðfundarsniði líkt og barnaþing og var skipulagður í samvinnu við Grindavíkurbæ. Um 300 börn á aldrinum 6 – 17 ára tóku þátt á fundinum á sínum forsendum. Að auki voru kennarar og starfsfólk grunnskólans í Grindavík til staðar og sáu þau m.a. um að sinna hlutverki borðstjóra sem hafði það hlutverk að tryggja að allir fengju að koma sínum sjónarmiðum á framfæri, leiða umræður áfram og veita aðra aðstoð eftir þörfum.

Búseta barnanna var frekar dreifð um landið en flest voru þau nú búsett á suðurhorninu. Flest þeirra eru í safnskólanum sem er staðsettur í Reykjavík og taka því rútu á hverjum degi í skólann.

DAGSKRÁ

Umboðsmaður barna bauð börnin velkomin í upphafi fundar og þakkaði þeim fyrir frábæra mætingu og þeirra mikilvægu þátttöku. Börnin fengu sjálf að velja sér sæti en voru hvött til þess að sitja á borði með sínum árgangi. Vinnan fór fram á 25 borðum og við hvert borð sátu einn til tveir borðstjórar. Unnið var í þremur lotum, í fyrstu lotu voru börnin beðin um að segja annars vegar frá því hvað hafi gengið vel og hvaða jákvæðu atriði þau hafi upplifað og hins vegar hvað hafi gengið verr, verið ósanngjarnt eða erfitt. Í annarri lotu voru börnin spurð að því hvað væri hægt að gera til að styðja betur við þau og hvað væri mikilvægast að ætti sér stað á næstu mánuðum. Í þriðju lotu voru mótaðar spurningar og áherslur sem þau vildu koma á framfæri við ráðherra.

Um miðbik fundarins tóku Gunni og Felix lagið og fengu fundargesti til að syngja með og taka nokkur spor. Í lok fundar ávarpaði Katrín Jakobsdóttir þáverandi forsætisráðherra fundinn og svaraði fjölbreyttum spurningum barnanna ásamt Salvöru Nordal, umboðsmanni barna.

„Við erum þakklát fyrir að þið leyfið okkur að koma hingað í dag og segja hvað okkur finnst.“

„Er einhver sem stjórnar landinu sem getur hjálpað okkur? “

„Ekki fleiri íbúafundi út af foreldrar segja alltaf oss!“

„Hvenær getum við komist heim til Grindavíkur?“

NIÐURSTÖÐUR

Niðurstöður fundarins eru í flokkaðar í fimm meginþætti út frá áherslum barnanna:



Skólamál



Tómstundir og íþróttir



Félagslíf og vinir



Heimili og fjölskylda



Upplýsingagjöf

SKÓLAMÁL

Börnin lýstu blendnum tilfinningum varðandi það að byrja í nýjum skólum, slíkar breytingar hafa reynst mörgum börnum erfiðar en á móti þótti mörgum þeirra gaman að kynna nýjum börnum og eignast fleiri vini. Fram kom að börnin sakna grunnskólans í Grindavík sárt, bekkjarfélaga sinna og starfsfólks, en þó kom einnig fram þakklæti meðal barnanna fyrir það hversu vel hafi verið tekið á móti þeim í nýjum skólum.

„Ég sakna skólans sem er í Grindavík : (“

„Það er erfitt að byrja í nýjum skóla“

„Gekk illa að ég mátti kannski ekki vera í sama skóla og vinkonur mínar.“

SAFNSKÓLAR

Lögð var rík áhersla á það meðal barnanna að fundin verði langtíma lausn á skólamállum þar sem öllum börnum úr Grindavík standi til boða að vera saman í safnskóla. Börnin á fundinum lýstu almennt jákvæðum tilfinningum í garð safnskólanna og þá sérstaklega vegna þess að þar gátu mörg þeirra verið áfram með vinum sínum í skóla. Einnig fylgdu kennarar þeirra þeim í safnskólana sem þeim fannst jákvætt. Þá lýstu mörg börn því að skólahald hafi gengið vel, þeim liði vel í skólanum og að vel hefði verið tekið á móti þeim. Þá hafi verið skemmtilegt þegar staðið var fyrir hittingum í safnskólum og börn úr Grindavík gátu hist og haft gaman. Safnskólar væru þó of dreifðir og staðsetning þeirra hentaði sumum illa. Einnig þyrfti að bæta fyrirkomulag rútuferða og skólasunds. Þá var sérstaklega kvartað yfir aðstöðu í safnskólanum í Ármúla, sérstaklega hvað varðar skort á þrifum og ófullnægjandi salernisaðstöðu.

Þann 17. apríl 2024 gaf bæjarstjórn Grindavíkur út að safnskólar fyrir leik- og grunnskólabörn yrðu lagðir af og öll börn skyldu sækja skóla sem næst sínu heimili. Í kjölfarið bárust embætti umboðsmanns erindi frá börnum þar sem þau lýstu yfir miklum vonbrigðum með þá ákvörðun og að upplifun þeirra væri að ekki hefði verið hlustað á raddir barnanna á fundinum hvað þetta varðar.

„Ég vil hafa safnskóla að eilífu“

„Það er gott að geta verið í safnskóla með Grindvíkingum“

„Glöð að ég fékk að hitta vinkonur mínar í safnskólanum“

UPPBROT Á SKÓLATÍMA

Fundarbörn lögðu ríka áherslu á uppbrot á skólatíma. Fjölmargar óskir komu fram um meira uppbrot, svo sem með íþróttum og smiðjum og fleiri heimsóknardögum í safnskóla. Einnig komu fram hugmyndir um fleiri þemadaga, íþróttadaga, spurningakeppnir, skólaferðalög og skemmtanir. Þá vilja börnin hafa fleiri skólaviðburði og gera fleiri skemmtilega hluti yfir skóladaginn og að þeim séu gefin tækifæri til þess að heimsækja hvert annað reglulega til að viðhalda vinatengslum, t.a.m. með sérstökum Grindavíkurdögum.

„Fleiri íþróttatíma“

„Allt of fá uppbrot (ekki sund samt)“

„Námið orðið leiðinlegt. Bara bóklegt, ekki mikið annað að gera“

„Fleiri skólaatburðir“

ANNAD

Börnin fjölluðu um ýmis atriði sem þau upplifðu á jákvæðan hátt hvað varðar skólahald, m.a. fjölbreyttari möguleika á framhaldsskólanámi, lengra jólafrí, meiri aðstoð í skólanum og seinni byrjun á skóladegi. Þá finnst þeim einnig jákvætt að fá frían skólamat. Mörg börn lýstu þó einnig neikvæðum tilfinningum gagnvart sínum nýja skóla, aðstöðu innan skólanna, skólamatnum, leik- og útisvæði, og breytingaum á námsfyrirkomulagi. Fjarlægðir og samgöngur til og frá skóla voru einnig algengt umræðuefni á fundinum og þykir börnunum erfitt að þurfa að ferðast með rútum eða strætó í sína nýju skóla. Sú skoðun barnanna að vilja að öll grindvísk börn gangi áfram saman í skóla var mjög hávær og er ljóst að heilt yfir upplifðu börnin ýmsa erfiðleika, óvissu og flóknar tilfinningar í kjölfar skólaskipta.

Þá töldu börnin jafnframt mjög mikilvægt að skipulagið varðandi næsta skólaár væri skýrt og fyrirsjáanlegt.

„Við erum ekki öll saman í skóla“

„Erfitt að fara í nýjan skóla“

„Ég sakna kennaranna“

TÓMSTUNDIR OG ÍPRÓTTIR

Á fundinum kom fram að börnunum þykir mjög mikilvægt að geta iðkað íþróttir með sínu íþróttaliði úr Grindavík áfram. Þau vilja að áframhaldandi íþróttastarf UMFG verði tryggt og að börn séu studd sérstaklega til íþróttaiðkunar með sínu liði. Þá þurfi einnig að tryggja aðgang grindvískra barna að frístundastarfi á sumrin, t.d. með sérstökum leikjanámskeiðum eða sumarþúðum og betra aðgengi að fjölbreyttri afþreyingu.

Mikilvægi íþróttá- og tómstunda var mjög áberandi á fundinum og er ljóst að það skiptir börnin miklu máli að geta haldið áfram æfingum eftir flutninga. Þó eru ýmis vandkvæði tengd því og lýstu börnin því t.d. að erfitt sé að komast milli staða til að stunda íþróttir, ólíkt því sem þau voru vön í Grindavík, þar sem börn gátu ýmist hjólað eða gengið á æfingar. Nú séu langar fjarlægðir sem geri íþróttaiðkun erfiðari. Börnin telja þó umfram allt mikilvægast að þeim verði áfram gert kleift að stunda íþróttir með sínum æfingafélögum og vinum undir merkjum Grindavíkur. Mörg kvörtuðu yfir færri æfingum frá því sem áður var í Grindavík. Vilja börnin því að æfingum verði fjölgað og einnig að valkostir séu fleiri. Til að mynda kom fram að sum börn hafi æft körfubolta í Grindavík en það sé ekki í boði þar sem þau búi nú. Sum börn hafa gengið til liðs við önnur íþróttafélög og lýstu mörg því að það hafi reynst erfitt að skipta um lið, en önnur lýstu jákvæðri upplifun af slíkum breytingum, og þykir gaman að prófa að æfa með öðru liði og kynnast nýjum krökkum.

„Við viljum hafa UMFG áfram!“

„Gaman að prófa að æfa með öðru liði“

„Erfitt að fara á æfingar vegna þess að maður býr í Reykjanesbæ.“

„Sakna liðið mitt í fótbolta og körfubolta“

„Vill ekki vera í nýjum skóla og æfa með nýju liði“

„Það er erfitt að æfa með öðru liði“

Börnin fagna því að frítt sé fyrir þau í ýmsa afþreyingu og íþróttir, t.d. sé frítt fyrir þau í World Class, sund og Arena íþróttahús fyrir rafíþróttir. Á fundinum kom skýrt fram að mikilvægt sé að halda því áfram þannig að börnin hefðu valkosti og möguleika á fjölbreyttri hreyfingu og tómstundum. Þá var Breiðablik sérstaklega þakkað fyrir að útvega Smárann sem heimavöll Grindavíkur í körfubolta.

Ljóst er að íþróttá- og tómstundastarf er samofið félagslegum tengslum og félagslegri stöðu barnanna, en einnig nátengt þeirri tilfinningu að tilheyra samfélagi. Kom það berlega í ljós á fundinum að íþróttaiðkun og tómstundir eru ofarlega í huga barnanna og mikilvægur hluti af lífi þeirra. Er því góð umgjörð og skipulag mikilvægur liður í því að styðja við grindvísk börn og auðvelda þeim að aðlagast nýjum og breyttum veruleika.

„Ekki margar æfingar í körfubolta“

„Við megum vera saman á æfingum“

„Vill ekki vera í nýjum skóla og æfa með nýju liði“

„Mér finnst ekki nógu margar Grindavíkuræfingar“

**„Frábært að hafa Smárann sem heimavöll.
Takk Breiðablik!“**

FÉLAGSLÍF OG VINIR

Mikilvægi vinatengsla og félagslífs var mjög áberandi á fundinum og fléttaðist sem rauður þráður í gegnum allar umræður barnanna. Ljóst er að mikið rót hefur verið á félagslífi grindvískra barna í kjölfar þess að bærinn var rýmdur, enda eru fjölskyldur búsettar vítt og breytt um landið. Það gengur verr að halda vinatengslum og söknuður eftir vinum er mikill. Það hefur mikil áhrif á börnin að geta ekki hitt og umgengist vini eins og áður, en þau hafa einnig mörg eignast nýja vini sem þeim finnst jákvætt og gaman. Mörg börn lýstu þó einnig einmanaleika eftir skóla þar sem þau geta ekki hitt vini sína líkt og áður.

Á fundinum var afar rík áhersla lögð á aukna samveru og að skipulagðir séu reglulegir viðburðir fyrir börnin í því skyni að þau haldi sínum vinatengslum. Fram komu fjölmargar hugmyndir um slíka viðburði, þ.á.m. að sett yrði á fót sérstök félagsmiðstöð fyrir börn úr Grindavík og að skipulagðar verði reglulegar skemmtiferðir, en sérstaklega var lagt til að skipulögð yrði vorferð fyrir öll börnin. Safnskólar eru einnig mikilvægur liður í því að halda vinatengslum að mati barnanna og komu ítrekað fram óskir um að því fyrirkomulagi yrði haldið áfram. Þá leggja börnin til að sem flestir, hvort heldur sem eru opinberir aðilar eða einkaaðilar, styðja þau til aukinnar samveru, t.d. með því að bjóða upp á frían aðgang að afþreyingu af ýmsu tagi.

**„Erfitt að hitta vini út af keyrslu
og staðsetningu“**

„Félagslíf er ekki eins“

„Gengur verr að hitta vini eftir skóla“

„Ég sakna vina minna úr Grindavík“

„Engir vinir“

„Ég er búin að eignast mjög marga vini“

„Ég sakna vina minna mjög mikið“

„Ég hitti vini mína aldrei eftir skóla því þau búa svo langt í burtu“

FJÖLSKYLDA OG HEIMILI

Börnin frá Grindavík eru mörg þakklát fyrir samveru með fjölskyldunni sinni. Algengt var að börnin tækju fram að það væri jákvætt að fá að vera með fjölskyldunni sinni og að eiga enn kost á því að hitta reglulega ættingja sem búa nálægt þeim. Það skiptir þau augljóslega miklu máli að búa nálægt ættingjum og vinum líkt og þau gerðu í Grindavík.

Mörg börn tóku fram að þau væru þakklát fyrir að eiga heimili og þau sem hafa fengið húsnæði sem hentar þeirra fjölskyldu, hvað varðar staðsetningu, stærð og fjölda herbergja eru þakklát fyrir það. Þá tóku nokkuð mörg börn fram að það væri jákvætt að hafa verið fljót að fá húsnæði. Sumum börnum fannst spennandi að flytja á nýjan stað og kynnast nýju umhverfi. Þá kom einnig fram að það væri jákvætt að önnur bæjarfélög hafi tekið vel á móti þeim og nokkur börn tóku fram að þau væru ánægð með nýja hverfið eða bæjarfélagið. Fram kom að það væri jákvætt að það væri búið að sækja allt dót til Grindavíkur.

„Ánægð að eiga hússaskjól“

„Þakklát fyrir að eiga heimili og þakklát fyrir að hafa fengið gott, fínt og stórt hús.“

„Það er jákvætt að ég er í sömu blokk og frændi minn og einn vinur minn“

„Jákvætt að fá húsaleigubætur og að prófa eitthvað nýtt“

Þau börn sem búa ekki nálægt ættingjum sínum líkt og þau gerðu í Grindavík eru óánægð með það og upplifa sum að fjölskyldan sé búin að vera sundruð frá rýmingu. Þá finnst þeim erfitt að sjá foreldra sína leiða.

„Neikvætt að vera ekki á sama stað og fjölskyldan“

„Erfitt að sjá foreldra sína leiða“

„Ég og fjölskylda mín höfum verið sundruð frá rýmingu, 10. nóvember“

Það var algengt að börnin tækju fram hversu erfitt það hafi verið að þurfa að flýja frá heimilum sínum í Grindavík og mörg börn eru að upplifa mikla sorg, óánægju og söknuð vegna þess. Þeim finnst erfitt að vera búin að missa heimilið sitt og þau sakna herbergisins sem þau áttu áður. Mörg börn tóku fram að þau vilji áfram eiga heima í Grindavík og að það sé erfitt að fá ekki að gera það.

Þá finnst börnunum erfitt að fá ekki að fara inn í Grindavík og sjá bæinn og húsin sín aftur. Þeim sem enn eiga dót í Grindavík finnst leiðinlegt að það hafi ekki verið sótt. Börnunum fannst erfitt að sjá hraun flæða yfir hús sumra barna og í göturnar þeirra og þau eru hrædd um að hraun eigi eftir að flæða á húsin þeirra. Börnin hafa augljóslega upplifað mikla sorg og lýsa því m.a. að þau gráti oft. Þá kom fram að þeim hafi þótt erfitt að sjá eldgosíð út um gluggann.

Nokkur börn tóku fram að þau hafi verið óánægð með aðstöðuna í þeim íbúðum eða húsum sem þau fluttu í eftir rýmingu t.d. hafi verið vaskur og klósett sem ekki virkuðu. Þau tóku fram að það sé neikvætt hversu erfitt sé að finna húsnæði. Þá finnst mörgum börnum neikvætt að þurfa að búa í mun minna húsnæði nú en þau gerðu í Grindavík. Það sé líka krefjandi að þurfa að deila herbergi með öðrum. Einnig kom mjög skýrt fram hversu erfitt og neikvætt það er að þurfa að flakka á milli heimila og flytja oft. Því fylgi mikil óvissa og líka mikil vinna.

Mörg börn sakna frelsisins sem þau upplifðu í Grindavík. Þau sakna þess að geta farið leiðar sinnar gangandi eða hjólandi og mörgum börnum finnst erfitt að búa í stóru bæjarfélagi. Þá kom einnig skýrt fram að þau sakna samfélagsins í Grindavík og að þeim finnst erfitt að allir séu að flytja á aðra staði.

Börnin tóku fram að það sé neikvætt að allir fái ekki jafnmikið borgað fyrir húsin sín og að þau fái ekki pening frá ríkinu til þess að geta keypt stórt hús.

„Erfitt að geta ekki átt heima þar sem maður er búin að vera allt sitt líf“

„Mér finnst leiðinlegt að við þurfum að rápa svo mikið og við þurfum að lána hús fara í hús sem við eigum ekki“

„Ég og systir mín förum mjög oft að gráta“

Skýrt ákall kom fram á fundinum um að allir Grindvíkingar þurfi að fá öruggt húsnæði og börnin vildu fá að vita hvernig stjórnvöld ætli að tryggja Grindvíkingum framtíðarhúsnæði og fjárstuðning. Þó nokkur börn tóku fram að þau vilji að Grindavík verði færð eða byggð upp á nýjum stað sem bær eða hverfi. Þá vildu börnin fá að vita hvort bærin verði byggður upp að nýju og húsin sem hafi orðið fyrir skemmdum löguð. Einnig kom fram að þó vilji margra standi til þess að snúa aftur til Grindavíkur þá þurfi að borga fólk út til þess að það geti byrjað upp á nýtt.

Börnin frá Grindavík vilja ekki að fjölmiðlar fái að fara inn í bæinn þegar hann er lokaður og bentu á að það sé mikilvægt að fólk fái að vita hvað sé að gerast með húsin þeirra áður en það er birt í fréttum eða á samfélagsmiðlum. Sum börn upplifa að lítið hafi verið gert fyrir Grindvíkinga og að það hafi verið gripið of seint til aðgerða. Börnin vilja komast aftur heim og þau vilja fá að sjá bæinn sinn aftur með eigin augum.

„Neikvætt að vita ekki ef við erum að koma eða fara“

„Geta byrjað upp á nýtt á nýjum stað þó viljinn sé að fara til baka“

„Að fólk fái að vita eitthvað um húsin sín áður en það er birt í fréttum eða samfélagsmiðlum“

„Gera hverfi fyrir Grindavík eins og fyrir Vestmannaeyjar“

UPPLÝSINGAGJÖF

Það kom bersýnilega í ljós á fundinum að bæta þarf upplýsingagjöf til grindvískra barna til muna. Í 17. gr. Barnasáttmálans er réttur barna til upplýsinga tryggður og felur það í sér að stjórnvöld þurfa að tryggja að börn hafi aðgang að upplýsingum og efni um þau málefni sem snerta þau, hvort heldur sem málefnið snertir þau með beinum eða óbeinum hætti. Börnin lögðu áherslu á að þau þurfi að fá betri upplýsingar um ákvarðanir stjórnvalda varðandi ástandið í Grindavík, þau viðbrögð sem grípa þarf til og þá sviðsmynd sem framundan er á þann hátt sem er skiljanlegur þeim. Auk þess þurfa börn að fá skýrar upplýsingar um fyrirkomulag skólahalds, félags- og tómstundastarf sem í boði er, húsnæðismál og þann stuðning sem þeim stendur til boða. 17. gr. Barnasáttmálans fjallar einnig um skyldu stjórnvalda til þess að hvetja fjölmiðla til að deila upplýsingum með fjölbreyttum leiðum sem öll börn skilja. Mörg börn upplifðu erfiðar tilfinningar vegna umfjöllunar í fréttum um ástandið í Grindavík.

„Við höfum horft á fréttirnar“

„Þegar ég sé fréttirnar þá er það oft um Grindavík : („

„Getum við fengið betri útskýringar á öllu því sem er að gerast? (íbúafundur fyrir ungmenni).“

AÐ LOKUM

Í 31. gr. Barnasáttmálans er fjallað um rétt barns til hvíldar, tómstunda og menningarlífs. Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna fjallar um þennan rétt í athugasemd sinni nr. 17 en þar kemur m.a. fram að í aðstæðum þar sem náttúruhamfarir eiga sér stað er þessi réttur oft settur neðar í forgangs röðunina heldur en t.d. aðgengi að fæði, skjóli og lyfjum. Engu að síður geta tækifæri til leiks, tómstunda og afþreyingar haft ákveðinn lækningamátt og hjálpað börnum að ná tengslum við hversdagsleika og gleði eftir að hafa upplifað missi, flutninga og áföll.

Börnin voru sérstaklega spurð að því hvað væri mikilvægast að gerist næstu mánuði í málefnum Grindavíkur. Í umræðum barnanna kom berlega í ljós að samvera er þeim gríðarlega mikilvæg. Þau vilja fá fleiri tækifæri til að vera saman, halda áfram í sínum íþróttum og sinna tómstundum eins og þau eru vön að gera. Þau vilja leika sér og halda áfram að umgangast sína jafnaldra og vini á þeirra eigin forsendum.. Þörfin fyrir að tilheyra samfélagi er hverri manneskju eðlislæg og er stór partur af lífi og þroska barna og ungmenna og þau sakna þess samfélags sem Grindavík var. Mikilvægt er að börn frá Grindavík fái áfram sérstakan stuðning til þess að aðlagast nýjum veruleika og vinna úr þeim margþættu erfiðleikum og áföllum sem jarðhræringarnar á Reykjaneskaga hafa haft í för með sér fyrir börn og fjölskyldur þeirra.

„Öll börnin í Grindavík í sama skóla.“

„Við viljum hafa Grindavíkurhitting 1x í viku.“

„Hafa vini frá Grindavík nálægt mér.“

**„Sameina fjölskyldur. Fjölskyldur eru
sundraðar út um allt [og] við viljum geta
verið nær hvort öðru,“**

**„Er hægt að byggja skóla fyrir okkur þar sem við getum
verið saman?“**

**„Verða fleiri Grindavíkurblokkir svo
fólkið/börnin úr Grindavík geti hist?“**











UMBOÐSMAÐUR BARNA

Útgefandi: Umboðsmaður barna

Júní 2024